



Náttúru  
verndar  
stofnun

Náttúrustofa Suðurlands

Ægisgata 2

900Vestmannaeyjar

Garðabær, 1. júlí 2025

202506-0063/S.V.

10.01.01

## Efni: Leyfi til til drónaflugs í rannsóknarskyni - vöktun náttúruverndarsvæða á Suðurlandi og lundabyggðir

Náttúruverndarstofnun hefur mótttekið umsókn Erps Snæs Hanssonar, dagsetta 12.6.2025 um leyfi til drónaflugs í rannsóknarskyni á eftirtöldum svæðum: Akurey og Lundey á Kollafirði, Brúarfoss, Dyrhólaey, Drumbabót, Dynkur, Emstrur, Fjaðrárgljúfur, Fjallabak (Grænihryggur, Hrafninnusker, Rauðifoss, Landmannalaugar og Augað), Ingólfshöfði, Papey og nágrannaeyjar, Reynisfjóra, Skælingar, Sólheimajökull, Sveinstindur, Urriðafoss, Þakgil, Veiðivötn, Þórsmörk og Vestmannaeyjar

**Akurey** er friðlýst sem friðland sbr. [auglýsing nr. 470/2019](#). Óheimilt er að fara í land í Akurey nema með leyfi Náttúruverndarstofnunar og Reykjavíkurborgar. Rannsóknir, aðrar en rannsóknir Náttúrufræðistofnunar Íslands, eru háðar leyfi Náttúruverndarstofnunar og Reykjavíkurborgar. Óheimilt er að spilla gróðri og trufla dýralíf innan friðlandsins hvort heldur er á landi, í fjöru, í sjó eða á hafsbotni. Flug ómannaðra loftfara er óheimilt í friðlandinu nema að fengnu leyfi Náttúruverndarstofnunar.

**Dyrhólaey** er friðlýst sem náttúruvætti sbr. [auglýsing nr. 101/1978](#). Óheimilt er að trufla dýralíf á svæðinu. Mannvirkjagerð og jarðrask er óheimil nema með leyfi Náttúruverndarstofnunar. Samkvæmt 4. kafla í [stjórnunar- og verndaráætlun](#) náttúruvættisins er flug fjarstýrðra loftfara óheimilt innan náttúruvættisins nema að fengnu leyfi Náttúruverndarstofnunar.

**Fjaðrárgljúfur** er friðlýst sem náttúruvætti sbr. [auglýsing nr. 555/2024](#). Aðrar rannsóknir en rannsóknir Náttúrufræðistofnunar Íslands og lögbundnar rannsóknir fagstofnana sem kunna að hafa í för með sér jarðrask eru háðar leyfi Náttúruverndarstofnunar. Óheimilt er að raska gróðri og hrófla við jarðminjum á friðlýsta svæðinu.

**Friðland að Fjallabaki** er friðlýst sbr. [auglýsing nr. 354/1979](#). Óheimilt er að fljúga fjarstýrðum loftförum (dróna) innan friðlandsins á tímabilinu 15. júní – 15. september nema að fengnu leyfi Náttúruverndarstofnunar skv. stjórnunar- og verndaráætlun svæðisins.

**Ingólfshöfði** er friðlýstur sem friðland sbr. auglýsing nr. 388/1978. Ekki má skerða gróður, skaða eða trufla dýralíf né gera jarðrask. Samkvæmt stjórnunar og verndaráætlun friðlandsins er flug ómannaðra loftfara óheimilt á svæðinu nema með leyfi Náttúruverndarstofnunar. Kvikmynda- og ljósmyndataka sem getur haft áhrif á lífríki friðlandsins er háð leyfi Náttúruverndarstofnunar.

**Lundey** er friðlýst sem friðland sbr. auglýsingu nr. 740/2021. Öll landtaka frá sjó er óheimil innan friðlandsins á varptíma fugla frá 20. maí – 20. ágúst, nema að fengnu leyfi frá Náttúruverndarstofnun. Aðrar náttúrufarsrannsóknir en rannsóknir Náttúrufræðistofnunar eru háðar leyfi frá Náttúruverndarstofnun.

**Skrúður** er friðlýstur sem friðland sbr. auglýsingu nr. 513/1995. Óheimilt er að fara í eyna án leyfis ábúenda. Jarðrask er óheimilt í eyinni og óheimilt er að breyta ásýnd landsins. Óheimilt er að þeyta flautur, fljúga flugvélum eða vera með annan hávaða að óþörfu í grennt við Skrúð.

**Skælingar og Sveinstindur** eru innan Vatnajökulspjóðgarðs sem er friðlýstur sbr. lög nr. 60/2007. Í 1. mgr. 38. gr. reglugerðar um Vatnajökulspjóðgarð nr. 300/2020 segir að afla skuli leyfis þjóðgarðsvarðar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem kalla á aðstöðu, mannafla eða meðferð tækja í þjóðgarðinum, svo sem til kvikmyndunar, listviðburða, samkomuhalds og rannsókna. Þá skal afla leyfis þjóðgarðsvarðar til lendingar loftfars og notkunar fjarstýrðra loftfara innan Vatnajökulspjóðgarðs.

Brúarfoss, Drumbabót, Dynkur, Emstrur, Papey og nágrannaeyjar, Reynisfjara, Sólheimajökull, Þakgil, Þórsmörk, Urriðafoss, Veiðivötn og Vestmannaeyjar eru ekki friðlýst.

#### **Lýsing verkefnis:**

Umsækjandi sækir um leyfi til drónaflugs í rannsóknarskyni á Akurey, Dyrhólaey og dranga útifyrir henni, Fjallabaki (Grænahrygg, Hrafninnuskeri, Landmannalaugum og Rauðafossi og Auganu), Fjaðrárgljúfri Ingólfshöfða, Lundey, Skrúði, Skælingum og Sveinstindi til þriggja ára, árin 2025-2027. Um er að ræða framhaldsverkefni sem er tvíþætt, annars vegar vöktun á íslenskri náttúru á fjölsóttum ferðamannastöðum og hins vegar skrásetningu lundabyggða en nú er einnig fyrirhugað að LiDAR skanna lundavarp með drónaflugi. Áætlað er að fjórir starfsmenn komi að verkefninu en ekki verða öll svæði heimsótt á hverju ári heldur er verkefninu skipt niður.

#### **Áhrifamat:**

Náttúruverndarstofnun metur verkefnið ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúru eða verndargildi svæðanna til lengri tíma lítið. Stofnunin metur að drónaflug geti haft neikvæð áhrif á fuglalíf á meðan það fer fram en sé farið eftir skilyrðum leyfisins, flugtími takmarkaður og þess gætt að ekki sé flogið nær fuglabýggðum en nauðsynlegt er þegar varptími er í hámarki sé hægt að draga úr neikvæðum áhrifum flugsins.

**Skilyrði:**

Náttúruverndarstofnun veitir Náttúrustofu Suðurlands fyrir sitt leyti leyfi fyrir drónaflugi í rannsóknarskyggni innan Akureyjar, Dyrhólaeyjar, Fjaðrárgljúfurs, Fjallabaks, Ingólfshöfða, Lundeyjar í Kollafirði, Skrúðs, Skælinga og Sveinstinds sbr. lýsingu hér að ofan og leyfi til landtöku í Akurey, Lundey og Skrúð. Ákvæði friðlýsingarskilmála varðandi leyfi landeiganda í Lundey og Skrúð gilda eftir sem áður. Leyfið gildir í þrjú ár frá dagsetningu þessa bréfs til ársloka 2027 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Viðkomandi starfsmönnum Náttúruverndarstofnunar á svæðunum skal jafn óðum tilkynnt þegar fyrir liggur hvenær hvert svæði er heimsótt eða með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Leyfið gildir einungis fyrir aðila sem koma að rannsóknunum.
- Rannsóknaraðilar og farartæki skulu vera auðkenndir sínum stofnunum og/eða klæðast merktum sýnileikafatnaði.
- Stjórnandi drónans skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að flugið valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki og það skal fara fram utan þess tíma sem flestir gestir eru á svæðinu.
- Sé tilgangur drónaflugsins á svæðum sem eru vernduð vegna lífríkis ekki vegna rannsókna á fuglalífi, skal það fara fram utan varptíma.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ef loftfarið brotlendir eða bilar skal ábyrgðarmaður þess sjá til þess að allir hlutar þess verði fjarlægðir

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Náttúruverndarstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðanna skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 1360/2024

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 1360/2024, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Náttúruverndarstofnun bendir á að allir rekstraraðilar dróna verða að skrá drónana hjá Samgöngustofu á vefsíðunni flydrone.is.

Náttúruverndarstofnun óskar eftir því að fá aðgang að niðurstöðum ofangreindrar rannsóknar án endurgjalds ef þess verður óskað af hálfu stofnunarinnar.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Náttúruverndarstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Náttúruverndarstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Hákon Ásgeirsson  
***sviðstjóri***

Ragnheiður Björk Sigurðardóttir  
***svæðissérfræðingur***